



Kynningabæklingur um þátttakendur

í prófkjöri Framsóknar í Suðurkjördæmi fyrir
Alþingiskosningarnar 25. september 2021

Prófkjörið fer fram 19. júní



Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Ég gef kost á mér í 3.- 4. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi fyrir þingkosningarnar í haust. Ég er 41 árs gömul búsett í Reykjaneshæ með Friðriki manninum mínum og dætrum okkar, Ernu Dís 19 ára, Elísu Helgu 16 ára og Eydísi Sól 10 ára. Ég er grunnskólakennari að mennt með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum með áherslu á kennslu blindra og sjónskertra frá University of Birmingham í Bretlandi. Ég hef starfað í skólasamfélaginu í 20 ár sem kennari í Reykjaneshæ, kennsluráðgjafi á Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta og sem kennsluráðgjafi og verkefnastjóri í íslensku sem öðru máli á fræðslusviði Reykjaneshæjar.

Mennta- og velferðarmál eru mér sérstaklega hugleikin. Árangur flokksins í þeim málaflokkum er gríðarlegur og mikilvægt er að við höldum ótrauð áfram veginn sem fjölskylduflokkurinn Framsókn.

Ég vil leggja áherslu á að stuðla að aukinni vellíðan í skólastarfi með því að auka námsáhuga, námsgleði og bæta samhliða því námsárangur.

Ég vil tryggja mótun öflugra barna meðal annars með því að vinna markvisst að markmiðum fyrirbyggjandi farsældarfrumvarps og vil tryggja öllum börnum þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi óháð efnahag foreldra.

Mikilvægt er að tryggja öryggi fjölskyldunnar óháð búsetu í atvinnu-, húsnæðis- og heilbrigðismálum. Þar skiptir máli að skapa aðstæður fyrir kröftuga viðspyrnu, fjölga fjölbreyttum atvinnutækifærum og námi án staðsetningar, tryggja áframhaldandi stuðning við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni og tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu m.a. með aukinni innleiðingu á fjarheilbrigðisþjónustu.

Ég tel einnig brýnt að tryggja að eldri borgarar geti haft raunveruleg áhrif á eigið líf og að þeim séu tryggð örugg og farsæl efri ár með sveigjanlegum starfslokum, heilsuefningu, aukinni innleiðingu á velferðartækni og fjölbreyttri þjónustu byggða á einstaklingsþörfum.

Ég hef verið virk í starfi Framsóknar og hef unnið fyrir flokkinn og samfélagið okkar af heilindum. Ég er varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Reykjaneshæ og formaður velferðarráðs Reykjaneshæjar. Sit í miðstjórn og málefnaþópi flokksins, í stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og er varamaður í skólanefnd Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Auk þess hef ég leitt og tekið þátt í ýmsum stefnumótandi verkefnum og þróunarverkefnum fyrir ríki og sveitarfélög. Ég er mjög þakklát fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt innan flokksins.

En umfram allt er ég vinnusöm samvinnukona sem vinn eftir gildum Framsóknarflokksins og vil bjóða fram krafta mína í þeirri uppbyggingu sem framundan er. Full af bjartsýni fyrir það sem koma skal er ég tilbúin að þjóna og beita mér fyrir kjördæmið í heild sinni fái ég stuðning ykkar til þess.



Jóhann Friðrik Friðriksson

Tilkynning um framboð í prófkjöri Framsóknarflokksins sem fer fram 19. júní 2021.

Ég gef kost á mér í 2. sætið í prófkjöri Framsóknarflokksins sem fer fram 19. júní.

Kæra framsóknarfólk í Suðurkjördæmi.

Ég heiti Jóhann Friðrik Friðriksson og er annar varaþingmaður kjördæmisins, oddviti og bæjarfulltrúi Framsóknar í Reykjanesbæ. Frá kosningum 2018 hef ég m.a. gengt embætti forseta bæjarstjórnar og tók við sem formaður Sambands sveitarfélaga á Suðunesjum 2020. Ég er giftur Erlu Hafsteinsdóttur, talmeinafræðingi, og eigum við þrjú börn. Ég er menntaður lýðheilsufræðingur frá Suður-Karólínuháskóla í Bandaríkjunum og er framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs. Hjá Keili hef ég unnið að endurskipulagningu rekstrar með góðum árangri og leitt stærsta Flugskóla landsins í gegnum heimsfaraldurinn.

Í síðustu bæjarstjórnarkosningum í Reykjanesbæ náði Framsókn frábærum árangri og er ég afar stoltur af verkefnum okkar á kjörtímabilinu. Þrátt fyrir erfiða tíma skilaði Reykjanesbær í krafti samvinnu jákvæðri rekstrarniðurstöðu þrátt fyrir að hafa lækkað álögur á íbúa og mætt auknum útgjöldum vegna fordæmalausrar niðursveiflu. Innan Framsóknar hef ég verið formaður markaðs- og kynningarnefndar, unnið að menntastefnu flokksins og verið formaður nefndar á vegum félagsmálaráðuneytis. Mér fellur sjaldnast verk úr hendi og óska nú eftir ykkar stuðning í 2. sætið í prófkjöri Framsóknar 19. júní.

Kæru vinir.

Okkar biður sú áskorun að endurreisa efnahag landsins, skapa umhverfi fyrir ný störf og tryggja áfram velferð þjóðarinnar. Framsóknarflokknum er best treystandi í þeirri vegferð. Framsókn, með sínar djúpu rætur gætir ein flokka hagsmuna alls landsins, bæði til sjávar og sveita. Fyrr en okkur grunar erfist landið til afkomenda okkar. Þeir treysta á öryggi, lífsgæði, heilsu og tækifæri til enn betra lífs. Í gegnum tíðina hefur Framsókn sótt fram á öllum sviðum samfélagsins, þorað þegar aðrir hafa hikað og sýnt áræðni og festu í erfiðum aðstæðum. Nú erum við, Framsóknarfólk allt í kringum landið, enn á ný kölluð til góðra verka. Okkar markmið er að vinna að enn betra Íslandi, en ekki aðeins Íslandi samtímans, heldur Íslandi framtíðarinnar.



Njáll Ragnarsson

Kæru félagar,

Eftir góða umhugsun og hafandi fengið hvatningu úr ýmsum áttum hef ég ákveðið að láta slag standa og gefa kost á mér í 3. - 4. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi sem haldið verður þann 19. júní n.k.

Ég ætla því að setja hér nokkur orð til að kynna mig. Ég er 37 ára gamall og er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum. Ég er kvæntur Matthildi Halldórsdóttur og saman eigum við Lindu Björk sem er 19 ára og Kolbrá sem er sjö ára.

Eftir nám í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum hélt ég til Reykjavíkur og lærði stjórnmálafræði við HÍ og útskrifaðist 2008. Við tóku nokkur ár í höfuðborginni en að lokum flutti ég aftur heim til Eyja árið 2011 og réði mig sem framkvæmdastjóra Fiskmarkaðs Vestmannaeyja þar sem ég var í tæp fjögur ár. Í dag starfa ég sem deildarstjóri hjá Fiskistofu og samhliða því stunda ég nám á meistarastigi í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands.

Í sveitarstjórnarkosningunum 2018 leiddi ég sameiginlegt framboð Framsóknar, Samfylkingar, VG og óháðra. Ég náði kjöri í bæjarstjórn og hef á sama tíma setið sem formaður bæjarráðs. Það eru miklar áskoranir að leiða saman ólíka hópa með ólíkar skoðanir og ég tel að framsóknarfólk sé einmitt límið sem þarf til þess að leysa slík verkefni með farsælum hætti.

Starfið í bæjarstjórn hefur verið ótrúlega skemmtilegt og þroskandi en jafnframt krefjandi. Ég hef frá því ég var krakki haft mikinn áhuga á pólitík og það að geta gert samfélaginu gagn er mér mjög dýrmætt. Ég vil nú leggja mitt lóð á vogarskálarnar til þess að framboðslisti okkar framsóknarmanna verði sem sterkastur, vitandi það að 3. sætið verður baráttusætið í kosningunum í haust.

Ég býð fram þekkingu mína af sjávarútvegi og þá reynslu sem ég hef öðlast í bæjarmálunum í Vestmannaeyjum og tel að þetta gagnist flokknum og framboðslista okkar í haust. Ég hef mikinn áhuga á því að tryggja dreifða og öfluga byggð í landinu auk þess sem ég hef verið talsmaður þess að styðja við nýsköpun og sprotastarfsemi og að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum umhverfi til þess að vaxa og dafna. Fyrir þetta ætla ég að standa hér eftir sem hingað til.



Ragnhildur Hrund Jónsdóttir

Ég heiti Ragnhildur Hrund og er Jónsdóttir í daglegu tali kölluð Ragga og er 47 ára Mýrdælingur. Ég gef kost á mér í 3-5 sæti á lista Framsóknar á Suðurlandi.

Ég er fædd og uppalinn í Reykjavík, föðurættin er úr Álftaverinu en móðurættin af Snæfellsnesi. Landsbyggðin og þá sérstaklega Suðurlandið, hefur alltaf heillað mig þó mér hafi líka liðið ágætlega í Reykjavík. Nú bý ég ásamt manningum mínum og dóttur hans á bænum Prestshús 2 í Reynishverfi í Mýrdal þar sem við hjónin erum að byggja upp fjölbreytta ferðaþjónustu, rekum lítið fjárbú og höfum á fóðrum nokkra hesta, 3 ketti og 3 hunda. Dóttir mín býr í Reykjavík og er að útskrifast úr háskóla Íslands með BA gráðu í Mannfræði og fjölmiðlafræði, sama dag og prófkjörið verður.

Áður en draumurinn minn um að verða landeigandi og bóndi varð að veruleika var ég búin að læra hitt og þetta og vinna við eitt og annað.

Hjá sláturfélaginu á Hvolsvelli kláraði ég sveinspróf og vann síðan sem kjötiðnaðarmaður. Kláraði bs nám á Bifröst í viðskiptalögfræði. Vann eina sláturtíð sem umsjónarmaður slátrunar og sölu afurða hjá kaupfélagi Vestur Húnvetninga. Vann á skattstofu Suðurlands lengst sem deildarstjóri virðisaukaskatts. Átti og rak bókhaldsstofu á Hvolsvelli þar sem ég skilaði framtölum og ársreikningum fyrir einstaklinga, bændur og smærri fyrirtæki. Síðan hef ég verið aðalbókari hjá alþjóðlegu fyrirtæki, umsjónarmaður bókhalds hjá stóru ferðaþjónustufyrirtæki og síðast var ég skrifstofustjóri hjá Mýrdalshrepp. Á þessum ferli má sjá að ég hef haft tækifæri að afla þekkingar á breiðum grunni í atvinnulífi á Íslandi, hvort sem er í ferðaþjónustu, matvælageiranum, búrekstri eða hjá hinu opinbera. Ég hef því öðlast góða yfirsýn á aðkomu hins opinbera, bæði frá sjónarhorni Ríkisins og á sveitarstjórnastiginu.

Ég valdi að fylgja Framsóknarflokknum því mér hugnast stefnumálin og líkar vel við fólkið sem hefur leitt listann undanfarið kjörtímabil. Ég er ánægð með störf ráðherra flokksins í sínum ráðuneytum. Verst þykir mér að Framsókn er ekki ein í ríkisstjórn. Sérstaklega hefði ég viljað að við færum með málefni landbúnaðar og heilbrigðismála en Fjármál og Forsætisráðuneyti færu líka vel í okkar höndum því nálgun Framsóknar er skynsöm, hófsöm og réttlát. Loks finnst mér að best væri ef Framsókn fengi að stýra sjávarútvegsmálum því þar þarf nýja sýn á hlutina.

Þau málefni sem brenna helst á mér eru kjör bænda og geðheilbrigðismál. Hagsmunir eldri borgara, fjárhagur og heilbrigðisþjónusta. Þá er ég eins og aðrir þegnar þessa lands orðin hundleið á spillingu og látlausu sérhagsmunapotí hinna ríku.



Sigurður Ingi Jóhannsson

Ég heiti Sigurður Ingi Jóhannsson og er formaður Framsóknarflokksins. Ég gef kost á mér í fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi. Ég er 59 ára og dýralæknir að mennt. Eiginkona mín er Ingibjörg Elsa Ingjaldsdóttir og eigum við samtals fimm börn og fimm barnabörn. Við erum búsett að Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi. Ég hef setið á Alþingi frá árinu 2009. Ég gegndi embætti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 2013-2016, umhverfis- og auðlindaráðherra 2013-2014, var forsætisráðherra 2016-2017 og hef gegnt embætti samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ráðherra norrænna samstarfsmála frá 2017 til þessa dags.

Ég man eftir augnablikinu þegar ég ákvað að gefa kost á mér í stjórnmálum. Ég var ungur maður, nýkominn aftur frá námi í Danmörku, og hafði nýlokið körfuboltaæfingu með félögum mínum þegar við ákváðum að kíkja á almennan stjórnmálafund í Hrunamannahreppi. Við hentum töskunum út í horn og hlömmuðum okkur á borð aftast í salnum. Ágætur maður í sveitarstjórn var að halda tölu sem ég var ekki sammála. Ég tók því til máls. Hjartslátturinn óx. Og eftir það varð ekki aftur snúið. Stjórnmálaferill minn var hafinn.

Ég er þakklátur fyrir þann mikla styrk sem flokkurinn okkar hefur sýnt, ekki síst á síðustu árum. Við höfum unnið að miklum framfaramálum á öllum sviðum, höfum gjörbylt námslánakerfinu, stutt dyggilega við unga og efnaminni kaupendur húsnæðis, fyrir dyrum stendur algjör umbylting í málefnum barna og það sem snýr beint að mér: Við höfum hafið stórsókn í samgöngumálum. Það hefur ekki fram hjá neinum sú mikla uppbygging sem hefur staðið yfir í Ölfusinu en þjóðvegur eitt stefnir nú hraðbyri að nýju stæði nýrrar Ölfusárbrúar. Ný brú yfir Hornafjarðarfljót, láglendisvegur og göng í gegnum Reynisfjall, uppbygging hafna í Reykjanesbæ, Þorlákshöfn. Að ekki sé minnst á nýjan Herjólf, fyrstu ferju Íslands sem gengur fyrir rafmagni, og hefur gjörbreytt samgöngum til Eyja; Loftbrú, niðurgreitt flug fyrir íbúa landsbyggðarinnar; Ísland ljóstengt, ljósleiðaravæðingu landsbyggðanna.

Þrátt fyrir þessa upptalningu þá er mín sýn á stjórnmálin að þau snúist fyrst og fremst um framtíðina.

Í haust greiðir fólk atkvæði um hvernig við sækjum fram að nýju eftir það áfall sem heimsfaraldurinn hefur verið fyrir samfélagið. Lykilorðin í nýrri framsókn fyrir Ísland eru atvinna, atvinna, atvinna. Við þurfum að sækja fram í málefnum landbúnaðarins, ferðaþjónustunnar, sjávarútvegsins, hinna skapandi greina og efla nýsköpun og verðmætasköpun um allt land. Við þurfum að fjárfesta í fólki og halda innviðauppbyggingunni áfram.

Framtíðin ræðst á miðjunni. Sterk Framsókn mun leiða nýja framsókn fyrir landið allt, framsókn til aukinna lífsgæða.



Silja Dögg Gunnarsdóttir

Framsóknarflokkurinn er minn flokkur vegna þessa að hann er framsækinn félagshyggjuflokkur sem hefur samvinnu að leiðarljósi. Ég hef verið svo heppin að hafa fengið tækifæri til að starfa í umboði kjósenda í Suðurlandsdæmi á Alþingi síðastliðin 8 ár. Sú reynsla er afar dýrmæt og ég vona að ég fái endurnýjað umboð til að starfa þar áfram næsta kjörtímabil. Frekari upplýsingar um þingferilinn og þau mál sem ég hef lagt fram má finna á heimasíðu Alþingis á slóðinni: <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=1174>

Ég er fædd og uppalinn í Njarðvík og bý þar nú ásamt eiginmanni og börnum. Ég lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri, B.A. prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands og bætti síðan við mig meistaraáráði í alþjóðlegum viðskiptum frá Háskólanum á Bifröst.

Ég vil að Framsóknarflokkurinn haldi áfram að vera grænn flokkur og leggi áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda því loftslagsmálin munu halda áfram að skipa stóran sess í stjórnmálum og allri þróun til framtíðar. Tækifærin blasa við okkur og því eigum við að leggja áherslu á nýsköpun og fjárfestingar á þessum sviðum. Fjölbreytt atvinnulíf er undirstaða velferðar og blómlegra byggða.

Skýr opinber stefna á sviði stafrænnar þróunar er risastórt byggða- og velferðarmál. Við vitum að þau ríki sem skara fram úr á þessu sviði munu hafa forskot í alþjóðlegri samkeppni. Undir stafræna þróun fellur t.d. bætt aðgengi að stjórnsýslunni, störf án staðsetningar, fjölbreyttari menntunartækifæri í heimabyggð, fjarheilbrigðisþjónusta o.fl. Við eigum að vera samferða Norðurlöndunum í stafrænni þróun og við höfum tækifæri til þess. Ljósleiðaravæðing landsins er langt komin, við þurfum að klára það verkefni og halda áfram að bæta samgöngukerfið og heilbrigðisþjónustu um land allt.

Mannréttindi, sér í lagi réttindi barna, hafa verið mér hugleikin. Ég hef einnig beitt mér á vettvangi þjóðaröryggismála, þar má kannski helst nefna netöryggi, fæðuöryggi og orkuöryggi. Vægi þessara málaflokka mun aukast í framtíðinni og móta þarf stefnu um þá. Framsóknarflokkurinn á að vera leiðandi afl með framsæknar hugmyndir og lausnir.

Framsóknarflokkurinn er mikilvæg kjölfesta á miðju stjórnmálanna, samvinnuflokkur með skynsemi að leiðarljósi. Framundan er viðspyrnutímabil. Ég er tilbúin að leggja fram reynslu mína og krafta í þau fjölmörgu verkefni sem Alþingi þarf að takast á við og óska eftir þínum stuðningi í 2. sæti á lista Framsóknar í Suðurlandsdæmi.



Daði Geir Samúelsson

Ég heiti Daði Geir Samúelsson og er 27 ára ungur og sprækur rekstarverkfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Ég starfa sem fjármálasérfræðingur hjá Reykjavíkurborg. Ég er fæddur og uppalinn í Bryðjuholti í Hrunamannahreppi og finnst mér hvergi betra að vera en í sveitinni. Ég er sonur Þórunnar Andrésdóttur, bónda og tölvunarfræðings og Samúel Unnsteins Eyjólfssonar bónda.

Frá unga aldri hef ég haft mikinn áhuga á stjórnmálum sem foreldrar mínir hafa aldrei skilið. Byrjaði í grunnskóla að fylgjast af áhuga með eldhúsdagsumræðum og beið alltaf spenntur eftir að ný fundargerð frá hreppsnefnd myndi mæta á netið. Í seinustu sveitarstjórnarkosningum var ég á H-listanum í Hrunamannahreppi og hef fengið að njóta þess heiðurs að vera formaður umhverfisnefndar Hrunamannahrepps frá 2018. Um svipað leiti fór ég að taka virkan þátt í starfi Framsóknar og sé sko alls ekki eftir því. Í flokknum er fullt af frábæru fólki sem hvetur mann áfram til að ná árangri og er tilbúið að hlusta.

Ég ákvað að nú væri kominn tími til að elta þann draum sem ég hef haft frekar lengi og bjóða mig fram til setu á lista flokksins og óska ég því eftir þínum stuðningi í 2. – 4. sæti þar sem mig langar að hafa áhrif á það samfélag sem ég bý í. Ég vil frekar koma skoðunum mínum á framfæri þar sem þær eru líklegastar til að skila árangri heldur en að nöldra úti í horni. Því langar mig að starfa á Alþingi Íslendinga, þar sem það er staðurinn sem er stefnumarkandi og hugmyndir til að breyta og bæta samfélagið geta orðið að veruleika. Covid raungerði störf án staðsetningar á einni nóttu og gat ég sinnt starfi mínu sem verkfræðingur hjá stærsta sveitarfélagi landsins heima í sveitinni og var mikið grínast með það að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var mikið til búin til í 800 manna sveitarfélagi í uppsveitum Árnessýslu. Og ég elskaði að geta gert það. Ég vil sjá að slíkt verði hið nýja norm að fólk geti starfað án staðsetningar ef þess er nokkur kostur því þá getur fólk búið þar sem því líður best. Ég er mikill áhugamaður um umhverfismál og vil þar sjá Ísland taka forustu.

Ef þig langar að kynnast mér betur og þau málefni sem ég stend fyrir mæli ég með því að kíkja inn á www.dadigeir.com

Árangur áfram og ekkert stopp!

Daði Geir Samúelsson



Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir

Að vel ígrunduðu máli þá gef kost á mér í 3 sæti á lista Framsóknar í Suðurkjördæmi í prófkjöri flokksins fyrir komandi Alþingiskosningar 2021.

Það sem ég tel mikilvægt við þátttöku í stjórnmálum er að missa aldrei sjónar af því fyrir hvern er verið að vinna - það er fólkið sem skiptir mestu máli. Þátttaka í stjórnmálum er að mínu mati stór ákvörðun sem er ósjálfselsk og drifin áfram af þeirri einskæru löngun til að bæta samfélagið í kringum sig. Það er þess vegna sem tækifæri til þess að bjóða sig fram fyrir Suðurkjördæmi er eitthvað sem grípa þarf af auðmýkt og heilindum. Það er mikilvægt að vinna málefnið í víðtækri samvinnu og það kunnum við Framsóknarfólk.

Undanfarin ár hef ég lagt mitt af mörkum fyrir Framsóknarflokkinn í Árborg þar sem ég hef kynnst mikið af öflugum fólki sem lætur sig samfélagið varða. Ég er stolt af því að vera Framsóknarkona og er stolt af því flotta starfi sem flokkurinn hefur verið skilað af sér. Allt gott má bæta og vil ég leggja mitt af mörkum og styðja við áframhaldandi framsókn á komandi kjörtímabili. Atvinnumál og atvinnuuppbygging á Suðurlandi hefur verið mér hjartans mál.

Við hjónin erum búsett á Selfossi ásamt tveimur dætrum okkar. Ég starfa sem lögfræðingur hjá nefnd um eftirlit með lögreglu. Er stjórnarformaður Félags Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi og hef lagt mitt af mörkum fyrir Kvennaráðgjöfina þar sem ég hef sinnt lögfræðiráðgjöf og sit í umboði hennar í verkefnastjórn Sigurhæða – þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Suðurlandi.

Öryggi borgaranna, réttarkerfið og mannréttindi því tengdu eru mér hjartfólgin og tel ég að öflug löggæsla, rannsókn sakamála, trygg málsmeðferð og greiðari aðgangur að dómstólum skipti þar sköpum. Tel mikilvægt að auka til muna traust fólks á réttarkerfinu. Við eigum að skapa réttlátt, öruggt og heilnæmt samfélag fólks þar sem rík tækifæri eru fyrir einstaklinga til þess að blómstra óháð sama hvaða áskoranir blasa við. Það eru einnig tækifæri til að efla til muna almannavarnir í landinu og tryggja öfluga enduruppbyggingu eftir hamfarir.

Málefnið eru mörg og fjölbreytt og býð ég ykkur að kynna ykkur þau málefni sem ég brenn fyrir inn á www.hafdishronn.is. Það sem ég tel mest aðkallandi fyrir okkur í Suðurkjördæmi er að við losum okkur undan fjötrum veirunnar og blásum til sóknar í atvinnumálum. Með ykkar stuðningi mun ég leggja allt mitt af mörkum fyrir Framsókn í komandi Alþingiskosningum.

**Utankjörfundaratkvæðagreðsla vegna
prófkjörs Framsóknar í Suðurkjördæmi
19. júní 2021**



**Vestmannaeyjar Þinghóll
Kirkjuvegi 19**

Þriðjudag 15. júní kl. 17-18
Miðvikudag 16. júní kl. 17-18
Föstudag 18. júní kl. 13-14

**Höfn Papóshúsið
Álaugarvegi 3**

Þriðjudag 15. júní kl. 17-19
Miðvikudag 16. júní kl. 17-19
Föstudag 18. júní kl. 11-13

**Reykjanesbær Framsóknarhúsið
Hafnargötu 62**

Þriðjudag 15. júní kl. 17-19
Miðvikudag 16. júní kl. 17-19
Föstudag 18. júní kl. 11-13

**Selfoss Framsóknarhúsið
Eyravegi 15**

Þriðjudag 15. júní kl. 17-19
Miðvikudag 16. júní kl. 17-19
Föstudag 18. júní kl. 11-13

**Reykjavík Skrifstofa Framsóknarflokksins
Hverfisgötu 33**

Þriðjudag 15. júní kl. 9:30-16:00
Miðvikudag 16. júní kl. 9:30-16:00
Föstudag 18. júní kl. 9:30-16:00

Prófkjör Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi 19. júní 2021



Kjörstaðir í prófkjöri:

Austur-Skaftafellssýsla

Höfn kl. 10-17 Sindrabær
Öræfi kl. 10-11 Hofgarður
Suðursveit og Mýrar kl. 12:30-13:30
Félagsheimilið Holt
Nes kl. 14-15 Hótel Jökull
Lón kl. 15:30-16:00 Fundarhús

Vestur-Skaftafellssýsla

Klaustur kl. 11-15 Arionbankahúsið
Vík kl. 11-15 Félagsheimilið Leikskálar

Rangárvallasýsla

Hella kl. 11-17 Safnaðarheimilið á Hellu
Hvolsvöllur kl. 11-17 Félagsheimilið Hvoll

Vestmannaeyjar

Vestmannaeyjar kl. 11-16 Þinghóll

Árborg

Selfoss kl. 10-18 Hótel Selfoss

Ölfus

Þorlákshöfn kl. 11-15 Kiwanishúsið

Árnessýsla

Flúðir kl. 11-15 Félagsheimilið á Flúðum
Biskupstungur kl. 11-15
Veitingahúsið við Faxa
Laugarvatn kl. 11-15
Barnaskólinn á Laugarvatni
Skeið og Gnúp kl. 11-15
Bókasafnið í Brautarholti
Flóahreppur kl. 11-15 Þingborg

Hveragerði

Hveragerði kl. 11-15
Leikfélag Hveragerðis

Grindavík

Grindavík kl. 11-15 Framsóknarhúsið

Reykjanesbær

Reykjanesbær kl. 10-18 Framsóknarhúsið

Suðurnesjabær

Sandgerði / Garður kl. 11-18 Varðan

Vogar

Vogar Kjörstaður í Reykjanesbæ kl. 10-18

Kosið er um fimm efstu sætin og kjósandi setur tölustaf fyrir framan nafn þess sem hann vill kjósa, 1 fyrir framan þann sem hann vill í fyrsta sæti, 2 fyrir framan þann sem hann vill í annað sæti og svo framvegis upp í fimm sæti.
Athugið að ekki má merkja við færri eða fleiri frambjóðendur en fimm, annars verður atkvæðið ógilt.